



BOLUNGARVÍK

VATNSTANKUR HLÍÐARDAL ÚTBOÐSLÝSING

VATNSTANKUR - HLÍÐARDAL
ÚTBOÐ
ÚTGÁFA 1
DAGS 12.04.2021

ÚTBOÐSLÝSING
TILBOÐSBLAÐ
TILBOÐSSKRÁ
FYLGISKJÖL

Efnisyfirlit:

0 Útboðslýsing – Verkskilmálar	2
0.1 Yfirlit.....	2
0.1.1 Útboð	2
0.1.2 Útboðsform	2
0.1.3 Útboðsyfirlit.....	2
0.1.4 Kröfur um hæfi bjóðenda.....	3
0.1.5 Lauslegt yfirlit yfir verkið	4
0.1.6 Kynningarfundur – Vettvangsskoðun	5
0.1.7 Verksamningur – Verkáætlun	5
0.1.8 Framkvæmdatími – Verklok.....	6
0.2 Upplýsingar um verkkaupa, ráðgjafa og eftirlit	7
0.2.1 Verkkaupi.....	7
0.2.2 Ráðgjafar	7
0.2.3 Eftirlit verkkaupa.....	7
0.3 Útboðsgögn, lög, reglugerðir og staðlar	7
0.3.1 Útboðsgögn	7
0.3.2 Skýringar á útboðsgönum	7
0.3.3 Uppdrættir og lýsingar	8
0.3.4 Reglugerðir og leiðbeiningar.....	8
0.3.5 Undirverktakar	9
0.4 Tilboð	9
0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs	9
0.4.1.1 Aðaltilboð.....	9
0.4.1.2 Aukaverk (<i>viðbótar- og breytingar</i>)	10
0.4.1.3 Frávikstilboð	10
0.4.2 Fylgigögn með tilboði	10
0.4.3 Auðkenni tilboðs	11
0.4.4 Tilboðstrygging – Gildistími tilboðs	12
0.4.5 Opnun tilboða.....	12
0.4.6 Meðferð og mat á tilboðum.....	12
0.4.7 Þóknun fyrir gerð tilboðs	13
0.5 Greiðslur, verðlagsgrundvöllur.....	13
0.5.1 Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir (eftir því sem við á)	13

0.5.2 Framlag verkkaupa	13
0.5.3 Breytingar á verkinu – aukaverk	13
0.5.4 Frestir – Tafabætur (dagsektir)	14
0.5.5 Greiðslur, magntölur og reikningsskil	14
0.5.6 Verðlagsgrundvöllur	15
0.5.7 Fyrirframgreiðsla	15
0.5.8 Magnbreytingar	15
0.6 Ábyrgðir, tryggingar og ágreiningsmál	15
0.6.1 Ábyrgð, tryggingar, lögboðin gjöld og vanefndir	15
0.6.2 Framkvæmdatrygging – verktrygging	16
0.6.3 Veðsetningar – Eignarréttarfyrirvarar	16
0.6.4 Misræmi í gögnum	16
0.6.5 Ágreiningsmál og réttarúræði bjóðenda	16
0.6.6 Vanefndir og uppsögn	17
0.7 Vinnustaður	17
0.7.1 Athafnasvæði og vinnuaðstaða	17
0.7.2 Húsnaði fyrir starfsmenn, teikningar og efni	18
0.7.3 Ljós, hiti, akstur, vélar og fleira	18
0.7.4 Umhirða á vinnustað	18
0.7.5 Öryggi á vinnustað	18
0.7.6 Tungumál	18
0.8 Frágangur og gæði verks	19
0.8.1 Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir	19
0.8.2 Gæði verksins	19
0.8.3 Efnisval og vinnuaðferðir	19
0.8.4 Málsetningar og mælingar	19
0.8.5 Sýnishorn og prófanir	20
0.8.6 Samskipti við yfirvöld	20
0.8.7 Verklokaúttekt	20
0.8.8 Meistaraskipti og byggingastjóri	21
0.9 Verkmappa	21
0.11 Fylgiskjöl	23
0.11.1 Form verktryggingar	23
0.12 Gögn afhent bjóðanda	24
0.13 Yfirlýsing	24

1 Tilboðsblað	25
1.1 Tilboðsblað	25

Titilblað

Helstu upplýsingar um verkkaupa og ráðgjafa

Verkkaupi:

Bolungarvíkurkaupstaður, Aðalstræti 10-12,
415 Bolungarvík
Kt: 480774-0279

Ráðgjafar og verkfræðihönnun:

Tæknideild Bolungarvíkurkaupstaðar.
Aðalstræti 10-12
415 Bolungarvík
Kt: 480774-0279
Sími: 450-7008

Tæknibjónusta Vestfjarða.

Aðalstræti 26
400 Ísafjörður
Kt: 220774-0149
Sími: 456-3902

0 Útboðslýsing – Verkskilmálar

0.1 Yfirlit

0.1.1 Útboð

Bolungarvíkurkaupstaður, Aðalstræti 10-12, 415 Bolungarvík, kt: 480774-0279 hér eftir nefndur verkkaupi, óskar eftir tilboðum í verkið:

Vatnstankur Hlíðardal,

Verkið skal framkvæma í samræmi við útboðsgögn eins og þeim er lýst í grein „0.3.1 Útboðsgögn“.

Innifalið í tilboði skal vera allt það sem til þarf til að ljúka verkinu eins og það er skilgreint í útboðsgögnum þessum. Tilboð skal gera í grein „1 Tilboðsblað“, á tilboðsblað og sundurliða á safnblað og í tilboðsskrá.

0.1.2 Útboðsform

Hér er um almennt útboð að ræða sbr. lög um opinber innkaup nr. 120/2016 þar sem ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð. Með tilboði skulu fylgja upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem kaupandi hefur farið fram á í auglýsingu eða útboðsgögnum.

0.1.3 Útboðsyfirlit

Atriði	Dagsetning/Texti	Skilgreiningar
Útboðsgögn aðgengileg	26. apríl 2021	Sjá nánar grein 0.3.1
Kynningarfundur/vettvangsskoðun	Ekki fyrirhugaður	Sjá grein 0.1.6
Fyrirspurnir berast á netfang	finnbogi@bolungarvik.is	Sjá grein 0.3.2
Fyrirspurnatíma bjóðenda lýkur	3. maí 2021	Sjá nánar grein 0.3.2
Svarfrestur ráðgjafa vegna fyrirspurna rennur út	7. maí 2021	Sjá nánar grein 0.3.2
Opnunartími tilboða Skil á tilboðum	12. maí 2021 kl. 14:15 12. maí 2021 kl. 14:00	Sjá nánar grein 0.4.5
Áætluð dagsetning á veitingu verks	19. maí 2021	Sjá nánar grein 0.1.7
Áætluð dagsetning samnings	19. maí 2021	Sjá nánar grein 0.1.7
Áætluð dagsetning fyrir upphaf framkvæmda á verkstað	19. maí 2021	Sjá nánar grein 0.1.8
Áætluð dagsetning fyrir framkvæmdarlok	1. september 2021	Sjá nánar grein 0.1.8

VATNSTANKUR HLÍÐARDAL		ÚTBOÐSLÝSING
Tilboðstrygging	Ekki er krafist tilboðstryggingar	Sjá grein 0.4.4
Kröfur til bjóðenda	Fjárhagsleg, tæknileg geta og persónulegar aðstæður	Sjá grein 0.1.4
Tafabætur	70.000 kr/almanaksdag	Sjá nánar grein 0.5.4
Verðlagsgrundvöllur	Verkið verðbætist ekki	Sjá nánar grein 0.5.6
Frávikstilboð	Eru ekki heimiluð	Sjá nánar grein 0.4.1
Umsjónaraðili tilboðs	Finnbogi Bjarnason finnbogi@bolungarvik.is	Sjá grein 0.4.3
Skil á tilboðum Opnunarstaður tilboða	Tæknideild Aðalstræti 10-12 415 Bolungarvík	Sjá nánar grein 0.4.5

0.1.4 Kröfur um hæfi bjóðenda

Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum í samræmi við grein 69 í lögum nr. 120/2016, lög um opinber innkaup, hæfi bjóðenda verður metið á eftirfarandi þremur viðmiðum: a) Tæknileg geta bjóðenda.

b) Fjárhagsstaða bjóðenda.

c) Persónulegar aðstæður bjóðenda.

Ef tveir eða fleiri aðilar bjóða sameiginlega í verkið, þá skal hvor eða hver um sig láta í té tæmandi upplýsingar um sitt fyrirtæki. Báðar/allir aðilar verða þá metnir og skulu þeir báðir/allir uppfylla kröfur um hæfi bjóðenda.

Tæknileg geta bjóðenda:

Bjóðandi skal á sl. 5 árum hafa lokið við a.m.k. eitt sambærilegt verk fyrir verkkaupa eða annan aðila. Með sambærilegu verki er átt við verkefni svipaðs eðlis, þarf ekki að hafa verið vatnstankur en þarf að hafa verið jarðvinna, uppsteypa og lagnir og að upphæð verksamnings hafi að lágmarki verið 70% af tilboði í þetta verk. Við þennan samanburð skal taka tillit til verðbreytinga miðað við verðbótavísítolu viðkomandi verks.

Yfirstjórnandi (Verkefnisstjóri/verkstjóri) verks skal hafa á sl. 5 árum stjórnað a.m.k. einu verki svipaðs eðlis og þar sem upphæð verksamnings hefur verið a.m.k. 70% af tilboði bjóðenda í þetta verk. Við þennan samanburð skal taka tillit til verðbreytinga miðað við verðbótavísítolu viðkomandi verks.

Bjóðandi útvegar byggingarstjóra til verksins, sem og meistara allra viðeigandi iðngreina.

Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi og skulu stjórnendur hafa unnið með gæðastjórnunarkerfi í að minnsta kosti einu verki.

Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindri öryggis- og heilbrigðisáætlun.

Fjárhagsstaða bjóðenda:

Meðalársvelta fyrirtækis bjóðanda síðastliðin 3 ár hafi að lágmarki verið sem nemur 80% af tilboði bjóðanda án virðisaukaskatts. Ef verktími er lengri en 12 mánuðir má lækka kröfu um meðalársveltu í hlutfalli við verktíma.

Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi. Ársreikningurinn skal vera án athugasemda um rekstrahæfi.

Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld þegar hann skilar inn tilboði.

Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna sinna þegar hann skilar inn tilboði.

Persónulegar aðstæður bjóðenda**Ef til verksamnings kemur skal verktaki leggja fram eftirfarandi gögn ef verkkaupi óskar þess:**

Ef einhver af eftirfarandi atriðum eiga við bjóðanda verður tilboði hans vísað frá:

- a) Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- b) Óskað hefur verið eftir gjaldþrotaskiptum eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- c) Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
- d) Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
- e) Fyrirtæki er í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- f) Fyrirtæki er í vanskilum með opinber gjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- g) Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að fyrirtæki þeirra hafi orðið gjaldþrota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin fimm ár, verður bjóðanda vísað frá, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda) í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með aðra kennitölu.

0.1.5 Lauslegt yfirlit yfir verkið

Verkið felur í sér jarðvinnu, lagnir, uppsteypu vatnsthanks fyrir 1800 m³ af vatni ásamt öllum öðrum frágangi samkvæmt verklýsingu. Um er að ræða vatnsthank með tveimur vatnshólfum auk lokarýmis. Vakin er athygli á að verkstaður er innan brunnsvæði vatnsveitu og lýtur því ströngum skilyrðum.

Verktaki skal sjá um uppgröft, losun á klöpp, fyllingar, uppslátt, steypuvinnu og frágang tanks að utan sem innan. Verktaki skal setja upp og ganga frá innsteyptum hlutum.

Væntanlegir bjóðendur skulu kynna sér aðstæður á byggingarstað.

Verkið skal vinna í samræmi við ákvæði gildandi reglugerða sem eiga við þessa framkvæmd og er verktaki að fullu ábyrgur fyrir því að þeim sé fylgt.

Verktaki skal skila verkinu af sér til verkkaupa í samræmi við ákvæði útboðsgagna.

Verktaki skal skila fullfrágengnum vatnsthanki tilbúnum til notkunar og lokahúsi tilbúnu fyrir vatnslagnir í fullu samræmi við ákvæði útboðsgagna.

Upplýsingar um aðstöðu verktaka og aðkomuvegi að verkstað má sjá í áhættumati sem og í verklýsingu sem er hluti af útboðsgögnunum.

Yfirlit yfir verkið sést á afstöðuteikningu, yfirlitsmyndum og öðrum teikningum sjá grein „0.10 Teikningaskrá“ fyrir yfirlit yfir teikningar. Verk þetta skal vinna skv. teikningum, verklýsingu og öðrum gögnum sem vísað er til, sjá grein „0.3.1 Útboðsgögn“.

Verkið skal vinna í samræmi við ákvæði gildandi reglugerða sem eiga við þessa framkvæmd og er verktaki að fullu ábyrgur fyrir því að þeim sé fylgt. Verktaki skal skila verkinu af sér til verkkaupa í samræmi við ákvæði útboðsgagna.

0.1.6 Kynningarfundur – Vettvangsskoðun

Ekki er fyrirhugaður kynningarfundar/vettvangsskoðunar má sjá í kafla 0.1.3 – Útboðsyfirlit.

0.1.7 Verksamningur – Verkáætlun

Sbr. grein 3.1.2 í ÍST 30:2012 telst vera kominn á samningur um verkið með skriflegri orðsendingu til verktaka um að tilboði hafi verið tekið.

Gera skal skriflegan samning um verkið.

Í verksamningi koma tilboðsverð fyrir verkliði sem falla undir reikningsvinnu eingöngu fram sem einingarverð án magntalna.

Áður en verksamningur er undirritaður skal verktaki leggja fram:

- Verkáætlun
- Mannaflaáætlun
- Verktryggingu 10% af samningsupphæð

Verktaki skal jafnan gera sitt ítrasta til þess að fylgja verkáætluninni og tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa jafnóðum ef út af bregður og af hvaða orsökum. Gangi verkið ekki nógum vel, miðað við samþykkta verkáætlun, er verktaka skyld að grípa til nauðsynlegra ráðstafana, svo að áfangar verði tilbúnir á fyrirfram ákveðnum tíma.

Seinkun á framkvæmd einstakra verkþátta vegna aukaverka, viðbótarverka, magnaukninga eða afhendingar verkkaupa á efni eða þjónustu getur því aðeins leitt til framlengingar á skilatíma verks samkvæmt verkáætlun verksins.

Verktaki skal endurskoða verkáætlun eftir samkomulagi og ekki sjaldnar en mánaðarlega ef sýnt er að eldri áætlun fær ekki staðist og skal leggja hana fram til samþykktar hjá verkkaupa. Samþykki á nýrr verkáætlun, sem fer fram yfir umsaminns skiladag, þýðir ekki að verkkaupi falli frá rétti sínum til tafabóta, sbr. grein „0.5.4 Frestir – Tafabætur (dagsektir)“.

0.1.8 Framkvæmdatími – Verklok

Framkvæmdatími hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði verktaka og getið er í m.v. dagsetningu í grein „0.1.3 Útboðsyfirlit“.

Framkvæmdum skal vera að fullu lokið eigi síðar en getið er í grein „0.1.3 Útboðsyfirlit“. Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt útboðsgögnum. Þá skal aðstaða verktaka hafa verið fjarlægð og vinnusvæðið hreinsað að fullu.

Telji verktaki sig eiga rétt á framlengingu skilafrests skal hann skýra frá því og leggja fram gögn er sýna fram á réttmæti framlengingarinnar.

Ef magn verkliðar breytist þannig að það hafi áhrif á verktímann geta samningsaðilar átt rétt á breytingu á skiladegi, enda sýni þeir fram á að heildarframvinda verksins sé háð viðkomandi verklið. Ekki má hefja framkvæmdir fyrr en að fenginni framkvæmdaheimild.

0.2 Upplýsingar um verkkaupa, ráðgjafa og eftirlit

0.2.1 Verkkaupi

Upplýsingar um verkkaupa eru tilgreindar á titilblaði fremst í útboðsgögnum.

0.2.2 Ráðgjafar

Upplýsingar um ráðgjafa eru tilgreindar á titilblaði fremst í útboðsgögnunum.

0.2.3 Eftirlit verkkaupa

Verkkaupi mun skipa aðila sem annast mun daglega umsjón og eftirlit með verkinu og vinnustaðnum, hér eftir nefndur eftirlitsmaður verkkaupa. Verktaki mun leggja verkinu til byggingarstjóra skv. kröfum byggingarreglugerðar.

Eftirlitsmaður verkkaupa stjórnar daglegu eftirliti og hefur frumkvæði að því að kalla til eftirlitsmenn fyrir hvert fagsvið, ef fjalla á um tæknileg atriði á sérvíði þeirra.

Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið í samráði við eftirlitsmann verkkaupa, sem skal eiga greiðan og óhindraðan aðgang að öllu sem máli skiptir um efnisval og vinnu við verk þetta, hvort sem er á vinnustað eða annars staðar þar sem unnið er að verkinu.

Ef verktaki er í vafa um einstök atriði framkvæmdarinnar, efnisval eða annað sem við kemur verkinu, skal hann tafarlaust leita úrskurðar hjá eftirlitsmanni verkkaupa.

Eftirlitsmanni verkkaupa er ætlað að tryggja að framkvæmd verksins verði í samræmi við hönnun ráðgjafa og skal hann leiðbeina verktaka og útskýra upprætti og verklýsingar eftir því sem talin er þörf á.

Eftirlitsmaður verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits sem falið er öðrum samkvæmt lögum og/eða reglugerðum.

0.3 Útboðsgögn, lög, reglugerðir og staðlar

0.3.1 Útboðsgögn

Til útboðsgagna vegna verks þessa teljast:

- Útboðslýsing þessi sem inniheldur tilboðsblað, safnblað og tilboðsskrá , skjal „Vatnstankur-Hlíðardal-útboðslýsing“, dagsett þann 12. apríl 2021
- Verklýsing, skjal „Vatnstankur-Hlíðardal-verklýsing“, dagsett þann 12. apríl 2021
- Tilboðsskrá, skjal „Vatnstankur-Hlíðardal-tilboðsskrá“, dagsett þann 12. apríl 2021
- Útboðsteikningar (sjá yfirlit yfir teikningar í verkinu í grein „0.10 Teikningaskrá“)
- Íslenskur staðall ÍST 30, 6. útgáfa 2012.

Við túlkun útboðsgagna skal líta svo á að ÍST 30:2012, ásamt öðrum stöðlum eða gögnum sem vísað er til í verklýsingum eða á teikningum myndi með útboðsgögnum eina heild. Komi í ljós ósamræmi milli ákvæða í ÍST 30:2012 og samsvarandi ákvæða í öðrum gögnum sem teljast til útboðsgagna skulu viðkomandi ákvæði í ÍST 30:2012 víkja.

Um útboð þetta gilda ákvæði laga nr. 65/1993 um framkvæmd útboða og ákvæði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup. Stangist texti útboðsgagna á við löginn, víkur textinn.

0.3.2 Skýringar á útboðsgögnum

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í gögnunum sem haft getur áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann senda skriflega fyrirspurn eigi síðar en þann dag sem getið er um í grein „0.1.3 Útboðsyfirlit“.

Fyrirspurnin skal merkt:

„Vatnsthankur Hlíðardal - Fyrirspurn“

Fyrirspurnin sendist á tölvupósti á umsjónaraðila útboðsins á netfangið sem fram kemur í kafla 0.1.3 „Útboðsyfirlit“ eigi síðar en þann dag sem fram kemur í kafla 0.1.3 „Útboðsyfirlit“.

Fyrirspurnir og svör við þeim verða send öllum bjóðendum eigi síðar en þann dag sem getið er um í grein „0.1.3 Útboðsyfirlit“. Fyrirspurnir og svör verða hluti af útboðsgögnunum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að gefa út viðauka við útboðsgögn telji hann það nauðsynlegt. Viðaukar teljast hluti útboðsgagna. Lokafrestur fyrir verkkaupa að gefa út viðauka er 15. júní.

0.3.3 Uppdrættir og lýsingar

Ákvæði um meðferð og afhendingu gagna eru tekin fram í grein 3.4 í ÍST 30:2012. Aðalverktaki ber ábyrgð á fjölföldun allra þeirra gagna sem fulltrúar verkkaupa afhenda honum og það er einnig á hans ábyrgð að undirverktakar hans kynni sér öll samningsgögn.

Gögn nefnd í grein „0.3.1 Útboðsgögn“, sem verktaki fær afhent á tilboðsgerðarstigi er hluti samnings milli verktaka og verkkaupa, en á honum eru útboðsteikningar, útboðs- og samningsskilmálar, verklýsing og magntöluskrá. Verkteikningar verða gefnar út í áföngum á verktíma. Verktaki skal á sinn kostnað prenta út þau gögn sem hann telur þurfa við framkvæmd verksins. Ekki kemur til endurskoðunar einingarverða vegna þeirra hönnunarþróunar sem mun eiga sér stað þar til verkteikningar verða útgefnar.

Sé verklýsingu eða teikningu breytt á framkvæmdatíma vegna breytinga sem verkkaupi hefur beðið um, eða ný gögn gefin út, verða þau afhent verktaka og ber verkkaupi þá kostnað af prentun þeirra gagna.

0.3.4 Reglugerðir og leiðbeiningar

Verktaki er ábyrgur fyrir að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og leiðbeininga sem eiga við þessa framkvæmd. Gildandi lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem eiga við um framkvæmdina eru til dæmis, en ekki tæmandi talið, eftir því sem við á:

- „Lög um opinber innkaup nr. 120/2016“
- Lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001.
- Reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda, nr. 715/2001
- Reglugerð nr. 904/2016 um auglýsingu innkaupa á útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup.
- „Skipulagslög nr.123/2010“ með síðari viðaukum.
- „Lög um mannvirki nr. 160/2010“ með síðari viðaukum.
- „Byggingarreglugerð nr. 112/2012“ með síðari viðaukum.
- „Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, nr. 547/1996“.
- „Lög um framkvæmd útboða nr. 65/1993“
- „Reglugerð um brunavarnir og brunamál nr. 75/2000“ með síðari viðaukum.
- „Reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2003“ með síðari viðaukum.
- „Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum Nr. 46/1980“ með síðari viðaukum. Aðrar reglur Vinnueftirlits ríkisins sem heyra undir lög 46/1980 (vinnuverndarlögin).
<http://www.vinnueftirlit.is/log-reglur-og-stadlar/reglur-og-reglugerdir/>
- „Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006“ með síðari viðaukum.

- „Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja nr. 155/2007“ með síðari viðaukum.
- „Heilbrigðisreglugerð nr. 81/1988“
- “Reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga” nr. 339/2005
- Reglur um holræsagerð
- Rb-leiðbeiningarblöð og sérrit,
- <http://www.nmi.is/taeknirannsoknir/mannvirkjasvid/rb-bloed-og-serrit/>
- Meðferð jarðstrengja, reglur og leiðbeiningar
- Reglur vatnsveitna og hitaveitna
- Löggreglusamþykktir
- Reglur löggildingarstofu
- Reglur um vinnusvæðamerkingar, merkingar vinnusvæða og teikningar gefnar út af Vegagerðinni.
- <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-ogstadlar/vinnusvaedamerkingar/>
- Meðferð jarðstrengja og annars búnaðar í riti OR, LAV-105: „Vönduð meðferð lagnaefnis“, leiðbeiningar til þeirra sem vinna við dreifikerfi Orkuveitu Reykjavíkur
- Reglur Mílu ehf. sem koma fram í bæklingi gefnum út af Landssíma Íslands hf. „Jarðvinnuframkvæmdir; Reglur 005, 3. Útg. 15. Des 1988, Reglur og leiðbeiningar fyrir verktaka og aðra sem sjá um jarðvinnu“.

Bjóðendur skulu sjálfir útvega sér þau lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem við eiga hverju sinni.

0.3.5 Undirverktakar

Ákvæði um undirverktaka eru í grein 3.2 í ÍST 30:2012 og í 77. grein laga nr. 84/2007 ásamt 89. grein laga 120/2016 að því er varðar bann við gerviverktöku.

Bjóðandi skal upplýsa hvað hluta samnings hann hyggst láta þriðja aðila framkvæma sem undirverktaka og skulu þær upplýsingar liggja fyrir áður en samningur liggar fyrir.

0.4 Tilboð

0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs

0.4.1.1 Aðaltilboð

Tilboð skal gera í allt verkið í heild eins og því er lýst í útboðsgögnum.

Bjóðendur skulu fylla út alla liði tilboðsskrár, sem er hluti af útboðsgögnum þessum. Litið er á óútfyllta liði tilboðsskrár sem ákvörðun bjóðanda um að innifela kostnað við þá í öðrum liðum, sbr. grein 2.4.4 í ÍST 30:2012. Bjóðendur skili inn tilboðsblaði útfylltu á pappír og telst prentun úr tölvu fullgild. Tilboðsblað skal vera dagsett og undirritað af bjóðanda og bjóðandi skal einnig rita fangamark sitt á öll blöð tilboðsskráinnar. Bjóðendur skulu í tilboði sínu reikna með þeim magntölum, sem gefnar eru í tilboðsskrá. Einingarverð skulu vera í heilum krónum.

Í verklýsingu er í hverri grein gert grein fyrir þeim reglum, sem magntölur eru reiknaðar eftir. Allar magntölur eru reiknaðar eftir málum á teikningum þar sem það á við nema þar sem sérstaklega er tekið fram að reiknað sé eftir öðrum forsendum. Telji bjóðandi t.d. efnispörf vegna verkliðar vera meiri en fram kemur við að beita áðurnefndum reglum (t.d. vegna rýrnunar við niðurskurð) skal hann reikna kostnað við það inn í einingarverð viðkomandi verkliða.

Í hverjum einstökum lið skal einnig vera innifalinn allur kostnaður verktaka af viðkomandi verklið, svo sem allt efni, vinna, vélar og tæki, ljós og orka, flutningur manna og tækja, yfirstjórn verktaka, lögboðnar tryggingar, opinber gjöld, ágóði, förgun sorps og efnisleifa o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

Tilboðsfjárhæð er fundin sem summa margfelta magntalna og viðeigandi einingarverðs.

Inn í heildartilboð skal reikna virðisaukaskatt samkvæmt reglum sem um hann gilda á hverjum tíma.

Öll einingarverð í tilboðsskrá skulu vera með virðisaukaskatti.

0.4.1.2 Aukaverk (viðbótar- og breytingar)

Aukaverk eru skilgreind í grein 1.2.5 í ÍST 30:2012. Verkkaupi fer fram á að bjóðendur geri tilboð í áætlaðan fjölda útseldra tíma tækja og mannafla til að nota sem grundvöll við uppgjör ef um aukaverk verður að ræða. Sjá einnig grein „0.5.3 Breytingar á verkinu – aukaverk“.

0.4.1.3 Frávikstilboð

Ekki er heimilt með frávikstilboði að gera tilboð í aðra tilhögun verksins en þá sem lýst er í útboðsgögnunum. Hafi bjóðendur hins vegar áhuga á að bjóða annað efni, tilhögun verks eða útfærslur en útboðsgögn skilgreina er þeim heimilt á fyrirspurnartíma útboðsins að senda inn óskir þess efnis og mun verkkaupi taka aftöðu til þessara óska. Fallist verkkaupi á breytingar á efni, tilhögun verks eða útfærslum mun hann gefa út viðauka við útboðsgögnin þar sem slíkar breytingar eru skýrðar og öllum bjóðendum gefinn kostur á að bjóða í slíka valkosti á jafnréttisgrundvelli.

0.4.2 Fylgigögn með tilboði

Ef til verksamnings kemur skal verktaki leggja fram eftirfarandi gögn ef verkkaupi óskar þess:

Eftirfarandi gögnum ber bjóðanda að skila með tilboði sínu:

- Útfylltu tilboðsblaði
- Útfylltu safnblaði og tilboðsskrá
- Yfirlýsingu frá banka / tryggingarfélagi, um að bjóðandi muni fá verktryggingu vegna verksins, án skilyrða.
- Ef um hlutafélag er að ræða er óskað eftir útskrift um hlutafélagið úr hlutafélagaskrá. Sjá <https://www.rsk.is/>
- Skipurit fyrir verkefnið
- Listi yfir helstu tæki og búnað sem verktaki mun nota, nafn tækis, tegund og magn
- Skrá yfir undirverktaka, nöfn undirverktaka
- Skrá yfir efnissala og efniseiginleika sem verktaki hyggst eiga í viðskiptum við vegna framkvæmdar verksins
- Nafn, heimilisfang, kennitala og stofndagur fyrirtækis
- Nöfn eigenda og stjórnarmanna fyrirtækisins
- Upplýsingar um fjölda (og menntun/reynsla) starfsmanna verktaka ásamt upplýsingum um það í hvaða lífeyrissjóð fyrirtækið greiðir fyrir þá.
- Yfirlýsing frá þeim lífeyrissjóðum sem fyrirtækið greiðir í fyrir starfsmenn sína að hann sé ekki í vanskilum með greiðslur iðgjalda.
- Yfirlýsing frá aðal viðskiptabanka verktaka um umfang veltu á undanförnum þremur árum.
- Yfirlýsing frá aðal viðskiptabanka verktaka um skilvísni í viðskiptum.
- Staðfesting á því að verktaki sé í skilum með öll opinber gjöld.
- Endurskoðaðir ársreikningar áranna 2018, 2019 og 2020. Þeim skal fylgja yfirlýsing endurskoðanda um rekstrarhæfi bjóðanda.

- Gæðahandbók fyrirtækis; skila skal efnisyfirliti ásamt stuttri lýsingu á gæðakerfinu.
- Öryggishandbók fyrirtækis; skila skal efnisyfirliti ásamt stuttri lýsingu á öryggishandbókinni.
- Verkáætlun.
- Yfirlit yfir helstu verkefni, unnin á s.l. 5 árum, þar sem umfang og gerð verkefna komi fram.
- Yfirlit yfir byggingarstjóra, meistara og undirverktaka allra verksviða sem munu starfa við verkið. Gera þarf grein fyrir hvaða verkþættir verksins verða unnir af undirverktökum. Koma þarf fram nafn undirverktaka, hvaða verkþætti hann muni vinna. Hlutfall undirverktaka af heildarverkinu skal koma fram.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum upplýsingum sem málið varðar.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki áskilur verkkaupi sér rétt til að dæma tilboð bjóðanda ógilt.

Tilboðum aðila sem eru í vanskilum með opinber gjöld eða lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði verður vísað frá.

Farið verður með framangreindar fjárhagsupplýsingar bjóðenda í samræmi við ákvæði upplýsingalaga.

0.4.3 Auðkenni tilboðs

Tilboðsblaðinu skal skila á pappírsformi og öðrum gögnum í lokuðu umslagi fyrir opnunartíma tilboðs (bjóðendum er þó heimilt að skila öllu tilboðinu á pappírsformi) einnig er heimilt að skila tilboði rafrænt á netfangið finnbogi@bolungarvik.is sjá grein „0.1.3 Útboðsyfirlit“, greinilega merktu bjóðanda til:

Bolungarvíkurkaupstaður.

Aðalstræti 10-12, 415 Bolungarvík

Sími 450-7000

Ef bjóðandi sendir tilboð með pósti er það á ábyrgð bjóðanda að láta vita að tilboðspakkinn sé í póstsendingu með því að senda tölvupóst á Umsjónaraðila útboðsins á netfangið sem nefnt er í kafla „0.1.3 Útboðsyfirlit“ til að tryggja að tilboðið verði lesið upp. Bjóðandi skal senda tölvupóst til Umsjónaraðila útboðsins a.m.k. einum sólarhring fyrir lok skilafrest ásamt því að senda afrit á rafrænu formi af tilboðsblaði til upplestrar á tilboðsopnun. Tilboðið telst hafa borist á réttum tíma ef póststimpill sýnir að tilboðspakkinn hafi verið póstlagður a.m.k. einum sólarhring fyrir lok skilafrest, sjá grein „0.1.3 Útboðsyfirlit“.

Tilboð skulu merkt eins og sýnt er hér fyrir neðan.

Bolungarvíkurkaupstaður

Vatnstankur Hlíðardal

Tilboð

„Nafn bjóðanda“

„Heimilsfang, póstnúmer“

Verkkaupi vill vekja sérstaka athygli bjóðenda á að ef þeir merkja ekki umslög sem innihalda tilboð með nafni bjóðanda, eiga þeir á hættu að tilboðum þeirra verði vísað frá.

Bæjaryfirvöld munu hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt tilboðsblöðum.

Ef reiknivillur eða ósamræmi er í tilboði, ræður það einingaverð sem fram kemur á tilboðsblöðum og skal tilboð leiðrétt með tilliti til þess. Samanburður tilboða fer fram eftir að þau hafa verið leiðrétt með tilliti til þessa.

0.4.4 Tilboðstrygging – Gildistími tilboðs

Með undirritun á framlögðu tilboði sínu skuldbindur bjóðandi sig til að standa við tilboðið í 60 almanaksdaga.

Áður en frestur til að taka tilboði rennur út er verkkaupa heimilt að óska eftir framlengdum tilboðstíma. Fyrirspurn frá verkkaupa til bjóðanda skal vera skrifleg ásamt svari frá bjóðanda. Við framlengdan frest til að taka tilboði er bjóðendum ekki heimilt að gera neinar breytingar á tilboðum sínum.

EKKI verður krafist tilboðstryggingar af hendi bjóðanda.

0.4.5 Opnun tilboða

Tilboð skulu hafa borist til **Tæknideildar Bolungarvíkurkaupstaðar, Aðalstræti 10-12, 415 Bolungarvík**, eigi síðar en á þeim tíma sem getið er um í grein „0.1.3 Útboðsyfirlit“ og verða þau opnuð þar í samræmi við ákvæði greinar 2.5 í ÍST 30:2012.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki, getur tilboðum þeirra verið vísað frá.

0.4.6 Meðferð og mat á tilboðum

Ákvæði um val á tilboði eru í grein 2.7 í ÍST 30:2012 og í lögum um opinber innkaup nr. 120/2016.

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðréttigar á niðurstöðutölum tilboðs en einingarverð er bindandi fyrir bjóðendur.

Við yfirferð tilboða er einingarverð bjóðenda sett inn í tilboðsskrá útboðsgagna. Hafi bjóðandi breytt magni, fellt niður línum eða bætt línum við tilboðsskrána kemur það ekki fram við yfirferð, enda er slíkt óheimilt. Verkkaupi áskilur sér engu að síður rétt til að líta á slík tilboð sem gild, enda gildi þá ákvæði í grein „0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs“ um að óútfylltir liðir teljist innifaldir í öðrum liðum.

Ásamt því að meta og bera saman tilboð í heild, áskilur verkkaupi sér rétt til að meta og bera saman tilboð með og án reikningsvinnu.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vöntun eða formannmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnræði bjóðenda sé ekki raskað og ógildi tilboðs fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans.

Samkvæmt grein 2.7.3 í ÍST 30:2012 mun verkkaupi taka lægsta tilboði sem uppfyllir kröfur útboðsgagna eða hafna öllum tilboðum.

Við meðferð og mat á tilboðum metur verkkaupi hvort bjóðandi uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í grein „0.1.4 Kröfur um hæfi bjóðenda“.

Eftirfarandi atriði verða lögð til grundvallar við mat á tilboðum:

Lægsta verð gildir 100%, fyrir tilboð sem uppfylla kröfur útboðsgagna.

Meti verkkaupi það svo að ekkert tilboðanna uppfylli kröfur útboðsgagna mun hann hafna þeim öllum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að hafna öllum tilboðum yfir kostnaðaráætlun undirbúin af Ráðgjafa og verður lesin upp með öðrum tilboðum á opnunardegri tilboða.

Þeir bjóðendur sem þess óska geta fengið tilboð sín ásamt fylgigögnum endursend þegar niðurstaða útboðs liggur fyrir. Óski bjóðandi ekki eftir að fá gögn sín endursend innan þriggja mánaða frá því að niðurstaða útboðs liggur fyrir, áskilja bæjaryfirvöld sér rétt til að farga þeim.

Samkvæmt 85. gr. laga nr. 120/2016 eiga bjóðendur sem tilboðum var hafnað frá, rétt á rökstuðningi fyrir höfnun á tilboðum sínum, sendi þeir um það skriflega beiðni (bréf, tölvupóstur) til umsjónarmanns útboðs

innan 14 daga frá því að bjóðanda var tilkynnt ákvörðun. Umsjónarmaður mun svara beiðninni eigi síðar en 15 dögum eftir að hún berst.

Í XI kafla laga um opinber innkaup, nr. 120/2016 er fjallað um kærunefnd útboðsmála og kærufresti. Þar kemur m.a. fram í 1. mgr. 106 gr.: „Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.....“

0.4.7 Þóknun fyrir gerð tilboðs

EKKI verður greidd þóknun fyrir gerð tilboðs.

0.5 Greiðslur, verðlagsgrundvöllur

0.5.1 Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir (eftir því sem við á)

- Byggingarleyfisgjald
- Gatnagerðargjald
- Holræsagjald
- Heimæðagjöld
- Úttektargjöld
- Skipulagsgjald
- Brunabótamatsgjald
- Eftirlit verkkaupa

0.5.2 Framlag verkkaupa

Verkkaupi leggur ekkert annað til verksins utan þess sem fram kemur í þessari grein og grein „0.5.1 Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir (eftir því sem við á).“

0.5.3 Breytingar á verkinu – aukaverk

Orðskýringar:

Viðbótarverk er skilgreint í grein 1.2.19 í staðli ÍST 30:2012. Allar breytingar sem verkkaupi gerir á verkinu, eftir að verksamningur er kominn á, og eftir að verktaki hefur fengið afhentar verkteikningar teljast því vera viðbótarverk. Þó svo að viðbótarverk valdi að jafnaði hækkun á kostnaði verks, geta þau einnig valdið lækkun á greiðslum til verktaka, til dæmis ef verkkaupi tekur ákvörðun um að minnka umfang verks eða breyta verki til kostnaðarlækkunar með því að draga úr kröfum til fyrirskrifaðs efnis eða útfærslu.

Óskir um viðbótarverk eru lagðar fram formlega með útgáfu á sniðmáti „Viðbótarverksbeiðni“ sem verktaki fær í hendurnar eftir að samningur er kominn á.

Aukaverk er skilgreint í grein 1.2.5 í staðli ÍST 30:2012. Aukaverk koma því til vegna skorts á upplýsingum, ónákvæmni eða mistaka í útboðsgögnum og öfugt við viðbótarverkin geta aukaverk einungis valdið kostnaðarauka í verkinu.

Verktaki skal leggja fram formlega „Aukaverksbeiðni“ í þeim tilvikum sem það á til.

Komi til viðbótarverka eða aukaverka skal fylgja ákvæðum ÍST 30:2012, greinar 3.6. Verði samkomulag um að verktaki vinni aukaverk eða viðbótarverk í tímavinnu skal nota taxta sem verktaki býður í tilboði sínu.

Verktaki má engin aukaverk eða viðbótarverk vinna nema samkvæmt fyrirmælum verkkaupa. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.

Framkvæmd aukaverka eða viðbótarverka getur því aðeins leitt til framlengingar á skilatíma verks samkvæmt verkáætlun að sýnt sé að viðkomandi auka- eða viðbótarverk séu á bundinni leið (Critical Path) verksins.

Álag verktaka fyrir umsjón með aðkeyptu efni og þjónustu, sem verktaki hefur milligöngu um að láta vinna eða kaupa fyrir verkkaupa, vegna viðbótar- eða aukaverka, skal vera 10%. Er það álag fyrir efniskaup, móttöku, meðhöndlun, geymslu, stjórnun, ágóða o.s.frv.. Álag greiðist ekki á það tímagjald sem verktaki býður í tilboði sínu skv. grein „0.4.1.2 Aukaverk (viðbótar- og breytingar)“.

0.5.4 Frestir – Tafabætur (dagsektir)

Verktaki skal ljúka öllu verki sínu á tilskildum tíma samkvæmt grein „0.1.8 Framkvæmdatími – Verklok“. Dragist verklok fram yfir umsaminn skiladag skal verktaki greiða verkkaupa ákveðna fjárhæð í tafabætur fyrir hvern almanaksdag sem það dregst að verkinu sé að fullu lokið og verklokaúttekt geti farið fram.

Fjárhæð tafabóta ásamt dagsetningu kemur fram í grein „0.1.3 Útboðsyfirlit“.

Um er að ræða áfangaskipt verk og gilda tafabótaákvæðin um skiladagsetningu hvers áfanga . Sjá má áfangana hér í lista fyrir neðan. Áfangar:

1. Uppsteypu skal vera lokið í síðasta lagi **20.07.2021**.
2. Verkinu skal vera lokið í heild skv. útboðsgögnum eins og fram kemur í grein „0.1.3 Útboðsyfirlit“.

Telji verktaki sig eiga rétt á framlengingu skilafrests þá skal hann strax skýra frá því og um leið leggja fram nauðsynleg gögn er sanni réttmæti framlengingarinnar, sbr. grein 5.2 Frestir - tafabætur í staðli ÍST 30:2012.

Hámark tafabóta skal vera sem svarar 8 milljónum króna.

0.5.5 Greiðslur, magntölur og reikningsskil

Um greiðslur og reikningsskil vísast almennt til greinar 5.1 í ÍST 30:2012. Greitt verður til verktaka samkvæmt yfirfarinni (leiðrétti) tilboðsskrá.

Verktaki leggur fram reikning á mánaðarfresti, í byrjun mánaðar. Reikningar skulu lagðir fram samkvæmt verkstöðu sem verktaki og umsjónarmaður koma sér saman um. Verktaki útbýr reikningana og afhendir umsjónarmanni verkkaupa til yfirferðar, sem skal lokið innan 5 virkra daga. Reikningar skulu ætíð sýna, hve miklum hluta verks er lokið.

Greiðsluliðir skulu reikningsfærðir eftir framvindu verksins og skilmerkilega skal koma fram hvaða liði er verið að innheimta hverju sinni.

Með hverjum reikningi skal verktaki skila yfirliti yfir greiðslustöðu hvers greiðsluliðar í tilboðsskrá og heildargreiðslustöðu samnings. Þetta yfirlit skal sett upp í samráði við eftirlitsmann verkkaupa og við reikningagerð skal haft samráð við hann um mat á greiðsluhlutfalli til að fyrirbyggja að leiðréttigar tefji reikninga. Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á uppgjöri magntalna.

Verkkaupi mun ekki taka geymslufé af reikningum verktaka. Verkkaupi mun ekki inna af hendi neina greiðslu til verktakans fyrr en verksamningur hefur verið undirritaður.

Gerðir skulu sérstakir reikningar vegna aukaverka og viðbótarverka og þeim fylgi greinargerð um verkið á eyðublöðum sem verkkaupi afhendir og útreikningur þeirra magntalna sem reikningurinn byggist á.

Reikningar skulu skráðir á:

Bolungarvíkurkaupstaður v/vatnsveita

Aðalstræti 10-12

415 Bolungarvík

kt. 480774-0279

Á hverjum reikningi til verkkaupa skal koma fram heiti verks og verkbeiðnanúmer sem verktaki fær uppgefið í upphafi verks.

Verkkaupi áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við komudagsetningu reiknings nema að um annað hafi sérstaklega verið samið. Ef reikningur er ekki sendur á réttan stað eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Sé verktaki í skuld við verkkaupa á meðan á verki stendur, áskilur verkkaupi sér rétt til þess að ráðstafa greiðslum fyrir verk þetta til greiðslu skulda verktaka við verkkaupa.

0.5.6 Verðlagsgrundvöllur

Samningsfjárhæð er á föstu verðlagi og því verða engar verðbætur greiddar til verktaka á samningstímanum.

0.5.7 Fyrirframgreiðsla

Verkkaupi innir ekki af hendi fyrirframgreiðslu í þessu verki.

0.5.8 Magnbreytingar

Verktaki skal tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa um magnbreytingar sem verða í einstökum verkþáttum jafnskjótt og hann verður aukningarinnar var. Nemi magnaukning meira en 25% af umsömdum magni skal verktaki ekki vinna frekar við viðkomandi verkþátt uns eftirlitsmaður verkkaupa hefur heimilað að vinnan verði innt af hendi með óbreyttu móti. Magnaukning í verkþætti getur því aðeins leitt til framlengingar á skilatíma verks samkvæmt verkáætlun að sýnt sé að verkþátturinn sé eins og fram kemur í grein „0.1.7 Verksamningur – Verkáætlun“.

Magntölur í tilboðsskrá eru áætlaðar og geta breyst. Samningsaðilar geta ekki sett fram kröfur vegna breytinga á einingarverðum á magntölum nema frávik frá áætluðum magntölum leiði til þess að heildargreiðsla fyrir samningsverkið sé meira en 20% hærri eða lægri en heildarsamningsupphæð. Endurskoðunin gildir einungis fyrir það magn sem fellur utan þessara marka. Samningsaðilar geta ekki sett fram kröfur, þótt magn einstakra verkliða aukist eða minnki eða jafnvel falli brott.

Greitt verður samkvæmt einingarverðum fyrir mælt og útreiknað magn samkvæmt „teoretiskum“ lágmarksþversniðum, eins og þau eru sýnd á teikningum. Með rúmmáli er alltaf átt við rúmmál á óhreyfðu föstu eða þjöppuðu efni nema annað sé sérstaklega tekið fram. Í einingarverðum tilboðs skal innifalinn allur kostnaður við alla þá verkþætti sem þarf til þess að fullgera verkið eins og fram kemur í útboðs- og verklysingu og á teikningum.

Allar mælingar til uppgjörs skulu framkvæmdar af verktaka í samráði við eftirlitsmann verkkaupa.

Verktaki skal tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa með nægum fyrirvara hvenær óskað er mælinga.

Verktaki skal gefa eftirlitsmanni kost á að yfirfara niðurstöður mælinga óski hann þess.

0.6 Ábyrgðir, tryggingar og ágreiningsmál

0.6.1 Ábyrgð, tryggingar, lögboðin gjöld og vanefndir

Ábyrgð og áhætta er skilgreind í grein 3.9 í ÍST 30:2012.

Meðan á verkinu stendur skal verktaki, á eigin kostnað, vátryggja vinnuskúra, byggingarefni og vélar gegn hugsanlegum tjónum í samræmi við verðgildi þeirra á hverjum tíma.

Verktaki ber ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd verksins. Enn fremur ber hann ábyrgð á því tjóni eða slysum sem hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila meðan á framkvæmdum stendur. Verktaki skal leggja fram skírteini um frjálsa ábyrgðartryggingu fyrir tjóni sem hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila. Alla galla, sem fram kunna að koma á verkinu og um er að kenna slæmum frágangi eða efni, skal verktaki bæta að fullu, enda setji hann fyrir því þá tryggingu sem verkkaupi tekur gilda (verktrygging/-ábyrgð). Þrátt fyrir eftirlit verkkaupa, ber verktaki fulla ábyrgð á efni og vinnu.

Meðan á framkvæmd verksins stendur og þar til verklokaúttekt hefur farið fram skal verktaki hafa og kosta allar nauðsynlegar vátryggingar sem leiða af framkvæmdinni.

Slysatryggingu starfsmanna sinna skal verktaki annast og kosta sem og önnur þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld sem fylgja því að hafa menn í vinnu og selja efni og þjónustu.

Hvenær sem er á framkvæmdatíma verksins getur verkkaupi krafist gagna til staðfestingar því, að lögboðin gjöld, s.s. staðgreiðsla skatta, tryggingagjöld, virðisaukaskattur, lífeyrissjóðsgjöld o.s.frv. séu í skilum. Verktaki skal afhenda verkkaupa afrit af skírteinum fyrir þeim tryggingum, sem hann greiðir fyrir vegna verksins á hverjum tíma, ásamt með staðfestingu á greiðslu iðgjalda af þessum tryggingum.

Verktaki skal sjá til þess að undirverktakar hans kaupi tryggingar með sama hætti og hér er getið að ofan.

0.6.2 Framkvæmdatrygging – verktrygging

Til tryggingar því að verktaki standi við allar skuldbindingar sínar við verkkaupa vegna verkefnis þessa afhendir hann verkkaupa fyrir undirritun verksamnings verktryggingu, skv. grein 3.5 í ÍST 30:2012.

Verktrygging skal miðast við 10% af samningsfjárhæð og stendur óbreytt til verkloka en lækkar þá í 5% af samningsfjárhæð, og stendur þannig næstu tólf mánuði frá dagsetningu heimildar verkkaupa til lækkunar tryggingarinnar. Óheimilt er að lækka verktryggingu nema til komi skrifleg heimild þar að lútandi til tryggingafélags eða banka frá verkkaupa, og skal slík heimild gefin út innan 10 daga frá því að lokaúttekt fór fram á verkinu. Skilmálar ofangreindrar tryggingar skulu þannig orðaðir, að verkkaupi geti innleyst hana án undangengins dómsúrskurðar og greiðsla geti farið fram innan 14 daga frá því hennar er krafist. Að öðru leyti skal orðalag tryggingar háð samþykki verkkaupa, sbr. eyðublað fyrir verktryggingu.

Skilmálar ofangreindrar tryggingar skulu þannig orðaðir, að verkkaupi geti innleyst hana án undangengins dómsúrskurðar og greiðsla geti farið fram innan 14 daga frá því hennar er krafist. Að öðru leyti skal orðalag tryggingar háð samþykki verkkaupa, sbr. eyðublað fyrir verktryggingu í grein „0.11.1 Form verktryggingar“.

Verktaka er bent á að kaupa sér rekstrarstöðvunartryggingu og tryggingu á lausafé, sem tryggir hann fyrir tjóni af völdum innbrota o.fl. Ef verktaki kýs að kaupa ekki slíkar tryggingar, skal hann tryggja rekstraröryggi með sama hætti og tryggingarnar gera ráð fyrir. Verktaki skal gera grein fyrir hvernig hann hyggst standa að þessum málum fyrir undirritun verksamnings. Verkkaupi leggur ekki fram sérstaka tryggingu vegna verksins.

0.6.3 Veðsetningar – Eignarréttarfyrirvarar

Verktaka er óheimilt að binda verkkaupa á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á verktímanum. Einnig er verktaka óheimilt, án sérstaks leyfis verkkaupa, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkinu og verkkaupi hefur greitt fyrir.

Efni sem verkkaupi hefur fengið reikning fyrir má ekki vera með eignarréttarfyrirvara frá seljanda efnisins, án sérstaks leyfis verkkaupa.

0.6.4 Misræmi í gögnum

Ef um ósamræmi milli uppdrátta og lýsinga er að ræða skal verktaki tafarlaust tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa það til úrskurðar. Komi fram villur í útboðsgögnum, er verktaki eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Leiði villan til aukins kostnaðar skal verktaki fá hann bættan, enda tilkynni hann eftirlitsmanni verkkaupa um villuna strax og hann verður hennar var. Vanræki verktaki að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi hluti verks er framkvæmdur fellur bótaskylda verkkaupa niður. Á samsvarandi hátt á verkkaupi rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð, sem leiða af framansögðu.

0.6.5 Ágreiningsmál og réttarúræði bjóðenda

Rísi ágreiningur milli verkkaupa og verktaka um verk það, sem lýsing þessi fjallar um, skal honum vísað til Héraðsdóms Vestfjarða. Kostnaður við aðgerðir samkvæmt grein þessari skal ákveðinn af dóminum sjálfum svo og hver skuli greiða þann kostnað.

Sé ágreiningurinn að mestu eða öllu leyti tæknilegs eðlis má með samþykki beggja aðila vísa málinu til Gerðardóms VFÍ til fullnaðarúrskurðar.

Verði ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á útboðsgögnum skal verktaki þó eigi að síður framkvæma verkið skv. fyrirmælum verkkaupa sbr. grein 6.3 í ÍST 30:2012. Rísi ágreiningur um mál þetta skal honum skotið til Héraðsdóms Vestfjarða.

0.6.6 Vanefndir og uppsögn

Verktaki skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er verkkaupa heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði verkkaupi fyrir tjóni af völdum vanefnda verktaka er verktaki að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Leiti verktaki nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé úrskurðaður gjaldþrota, eða er andlag árangurslauss fjárnáms getur verkkaupi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu verktaka að ræða getur verkkaupi sagt upp samningi með mánaðar fyrirvara.

0.7 Vinnustaður

0.7.1 Athafnasvæði og vinnuaðstaða

Bjóðanda ber að kynna sér allar aðstæður á og í næsta nágrenni fyrirhugaðs vinnustaðar áður en tilboð er gefið og miða tilboðsgerð sína við þær.

Vakin er athygli á því að fráleggssvæði er mjög takmarkað innan verkmaka. Verktaki skal í samráði við eftirlitsmann finna nánari staðsetningu fyrir vinnuaðstöðu.

Verktaki skal leggja til og kosta allar þær öryggisráðstafanir, sem nauðsynlegar eru að mati eftirlitsmanns verkkaupa, vinnueftirlits og eða lögreglu. Verktaki skal ávallt sjá um, að allir efnisafgangar séu fjarlægðir jafnóðum. Umhirða í byggingu eða á lóð þess skal ávallt vera góð og skal verktaki fara eftir fyrirmælum eftirlitsmanns verkkaupa í einu og öllu þar að lútandi.

Við vinnu í byggingu skal verktaki ganga snyrtilega um og hlíta athugasemdu eftirlitsmanns verkkaupa í hvívetna. Í lok hvers vinnudags skal verktaki ætíð sjá til þess að vinnusvæði sé tryggilega lokað.

Verktaki leggur til skúr/húsnaði undir aðstöðu fyrir starfmenn sína telur hann þess þörf. Verktaki leggur til allar tengingar og annan kostnað við skúr/húsnaði.

Verktaki skal leggja til allan nauðsynlegan búnað fyrir starfsmenn sína, aðstöðu til geymslu á efnum og verkfærum, vinnupalla, bráðabirgðalokanir og annað sem til verksins þarf.

Allt skal þetta gert og ákveðið í fullu samráði við eftirlitsmann verkkaupa.

Allan undirbúnings- og rekstrarkostnað af vinnuaðstöðunni skal verktaki innifela í tilboði sínu. Ekki verður greitt aukalega fyrir aðstöðusköpun þótt verktaki hljóti framlengingu á skilatíma verksins að eigin ósk.

Byggingar sem verktaki reisir til að hýsa vinnuaðstöðu sína skulu vera með eldvarnabúnaði í samræmi við kröfur HMS. Vinnuaðstaðan skal uppfylla ákvæði gildandi laga og reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Verktaki skal sjá til þess að ekki stafi hætta af vinnusvæðinu, sjá einnig grein „0.7.5 Öryggi á vinnustað“ um öryggisráðstafanir. Varðandi umgengni og umhirðu á vinnustað er vísað í grein „0.7.4 Umhirða á vinnustað“.

Í verklok skal verktaki fjarlægja; allt umframefni og efnisafganga á verkstað og af lóð þess. Lóð skal vera hrein og án allra efnisafganga og svæðið allt í heild sinni snyrtilega frágengið.

Nánari úlistun á aðstöðu verktaka má sjá í áhættumati og verklýsingu sem er hluti af útboðsgögnum.

0.7.2 Húsnaði fyrir starfsmenn, teikningar og efni

Verktaki skal leggja til allt nauðsynlegt húsnaði fyrir starfsmenn sína og til geymslu á efni. Einnig sé hentugt og nægjanlegt húsrými fyrir uppdrætti og ver�fundahöld.

0.7.3 Ljós, hiti, akstur, vélar og fleira

Verktaki skal, nema annað komi fram í grein „0.5.2 Framlag verkkaupa“, leggja til og kosta öll áhöld, vélar, vinnupalla, keyrslubrautir, verkfæri, ljós, hita og orku, sem til þarf við framkvæmdirnar, enn fremur allan flutning á mönnum, tækjum og efni.

Verktaki skal þar sem við á, sjá um bráðabirgðalagnir fyrir vatn, fráveitu og rafmagn.

0.7.4 Umhirða á vinnustað

Verktaki skal ávallt sjá um að allir efnisafgangar séu fjarlægðir jafnóðum. Verktaki skal sjá um að umhirða á vinnustað, í vinnuskúrum og á lóð sé ávallt snyrtileg og skal verktaki fara eftir fyrirmælum eftirlitsmanns verkkaupa þar að lútandi. Um almenna umgengni og umhirðu á vinnustað er vísað í grein 4.2 í staðli ÍST 30:2012.

0.7.5 Öryggi á vinnustað

Orðin vinnustaður, framkvæmdastaður, byggingarstaður, athafnasvæði og verkstaður hafa sömu merkingu í þessum útboðsgögnum.

Verktaki skal gæta ýtratu varúðar við framkvæmd verksins og hafa samráð við eftirlitsmann verkkaupa um allar varúðarráðstafanir eftir því sem við á. Áður en framkvæmdir hefjast ber verktaka að leggja fyrir eftirlitsmann verkkaupa tillögu um varúðarráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera, m.a. vegna umferðar við vinnustað. Verktaki sér um að varúðarráðstöfunum, þeim sem eru taldar nauðsynlegar, sé framfylgt í tæka tíð og til hins ýtrasta.

Verktaki skal fylgja öllum reglum um öryggi á vinnustað til hins ýtrasta, bæði hvað snertir vinnuvélar og aðbúnað. Hann skal einnig viðhafa brunavarnir og reglur um meðferð eldfimra efna, sem viðhlítandi teljast að dómi eftirlitsmanns og skv. skilmálum vátryggingar. Reglum og leiðbeiningum um meðferð lagna frá veitufyrirtækjum skal fylgt í hvívetna.

Sérstök athygli er vakin á reglum Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð (nr. 547/1996), sem tóku gildi 1. janúar 1997. Verktaki skal sjá um að útvega samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana og gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar og vinnur hann skv. framgreindum reglum Vinnueftirlits ríkisins ásamt leiðbeiningariti nr. 17 frá Vinnueftirliti ríkisins um Öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir byggingarvinnustaði.

Einnig er vísað í áhættumat verkkaupa sem er hluti útboðsgagna, sjá grein „0.3.1 Útboðsgögn“.

Verktaki skal fylgja ÖHU-málum í samræmi við kröfur verkkaupa, tilgreindar í meðfylgjandi ÖHUáætlun. Ef eftirlitsmaður verkkaupa verður var við að verktaki sé ekki að fylgja ÖHU-áætlun, getur hann sett verktaka hæfileg tímamörk um úrbætur. Verði verktaki ekki við kröfu um úrbætur innan settra tímamarka, hefur eftirlitsmaður verkkaupa rétt til að stöðva verkið þar til að verktaki hefur lagað það sem er ábótavant. Þetta þýðir þó ekki að verktaki falli frá því að skila verki á tilskildum tíma samkvæmt grein „0.1.8 Framkvæmdatími – Verklok“.

0.7.6 Tungumál

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku. Tungumál verksins er íslenska og öll samskipti milli verktaka (þ.m.t. undirverktaka) og fulltrúa verkkaupa (eftirlits og hönnuða) skulu fara fram á íslensku.

Öll gögn í verkinu eru á íslensku, m.a. teikningar og verklýsingar. Því er það ófrávíkjanleg krafa og á ábyrgð verktaka að ávallt séu á verkstað aðilar sem tryggja það að allar upplýsingar í gögnum sem og fyrirmæli eftirlits skili sér til þeirra er vinna verkið. Þetta á við um verktaka og alla undirverktaka hans.

0.8 Frágangur og gæði verks

0.8.1 Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í grein 4.1 í ÍST 30:2012.

Verktaki og undirverktakar skulu gera ráð fyrir að þurfa að mæta á verkfundi með fulltrúa verkkaupa meðan á verkinu stendur. Verkfundargerðir eru ritaðar af byggingarstjóra og skulu samþykktar með undirritun af báðum aðilum. Gerð er krafa um að yfirstjórnandi verktaka skuli vera íslenskumælandi.

Allur ferðakostnaður sem fellur til vegna þessara funda fyrir verktaka skal verktaki greiða sjálfur.

0.8.2 Gæði verksins

Almennum kröfum um gæði verksins er lýst í grein 4.3 í staðli ÍST 30:2012.

Öll vinna og allur frágangur verksins skulu vera vönduð og fagmannlega unnin, í samræmi við fyrirsögn um vinnubrögð, góðar fagvenjur, faghefðir og metnað.

Forsvarsmenn verksins af hálfu verktaka skulu hafa þá reynslu sem með þarf við framkvæmd þess, og full réttindi þar sem þeirra er þörf. Fagvinna skal unnin af fagmönnum og skal verktaki skila inn afritum af skírteinum um réttindi starfsmanna sé þess óskað.

Verktaki skal framvísa fullgildum uppruna- og gæðavottorðum með öllu efni sem hann hyggst nota og staðfesta gæði með rannsóknarniðurstöðum eftir því sem krafist er í verklýsingu.

Verktaki skal bæta að fullu alla galla, sem fram kunna að koma á verkinu og um er að kenna slæmum frágangi eða efni. Þrátt fyrir eftirlit verkkaupa, ber verktaki fulla ábyrgð á efni og vinnu.

Komi galli fram á verkinu eða vanefni verktaki að öðru leiti skyldur sínar vegna verksins, getur eftirlitsmaður verkkaupa sett hæfileg tímamörk um hvenær það sem áfátt er talið, skuli vera lagfært. Eftirlitsmaður verkkaupa skal tilkynna verktaka formlega um slík tímamörk. Hafi verktaki ekki lokið innan settra tímamarka eftirlitsmanns verkkaupa, lagfæringum á því sem áfátt var talið, er heimilt að halda eftir hluta af greiðslu til verktaka sem nemur upphæð sem samsvarar kostnaði við nefndar lagfæringar. Eftirlitsmanni verkkaupa er jafnframt heimilt að láta lagfæra á kostnað verktakans það sem áfátt er talið.

Um vanefndir að öðru leiti gilda ákvæði ÍST 30:2012.

0.8.3 Efnisval og vinnuaðferðir

Bjóðandi skal miða tilboð sitt við þá efnis- og vinnuliði sem útboðsgögn gera ráð fyrir. Á framkvæmdatíma er verktaka heimilt, að höfðu samráði við eftirlitsmann verkkaupa, að bjóða annað efni og aðra vinnutilhögun en útboðsgögn kveða á um og skal hann þá leggja fram upplýsingar um efni, vinnu og verð sbr. grein 4.3 í ÍST 30:2012. Verkkaupi gerir samanburð á frávikum með tilliti til verðs og gæðamismunar og hefur ákvörðunarrétt um hvaða efni og aðferðir verða endanlega valin. Allan kostnað sem til fellur vegna samanburðar á öðru efni eða vinnuaðferðum skal verktaki greiða óháð samþykki eða synjun verkkaupa.

0.8.4 Málsetningar og mælingar

Eftir því sem hægt er, hafa mál verið sett inn á teikningar. Ef verktaki verður var við málskekkjur skal hann tilkynna það eftirlitsmanni verkkaupa án tafar til úrskurðar.

Upplýsingar um hæðarmerki og fastmerki skal verktaki útvega sér hjá verkeftirliti.

Allur kostnaður vegna mælinga skal innifalinn í einingarverðum einstakra verkþátta í verklýsingu eða í sérfraðivinnu, þar með talinn kostnaður við gerð nýrra fastmerkja teljist þess þörf.

Samþykkt eftirlitsmanns verkkaupa á staðsetningu eða vinnu leysir verktaka á engan hátt undan ábyrgð þeirri sem á honum hvílir um rétta staðsetningu og gæði verksins. Verkkaupi kostar einungis eina mælingu til að sannreyna staðsetningu eða gæði verks verktaka. Purfi að bæta úr og endurtaka mælingu, ber verktaki af því allan kostnað.

0.8.5 Sýnishorn og prófanir

Verktaka er skylt að leggja fram sýnishorn af eftirprófanir af efnis eins og krafist er í verklýsingum það tímanlega að eigi valdi töfum á framkvæmdum. Einnig er honum skylt að gera sýnishorn af vinnu og prófanir á efni að beiðni verkkaupa. Verktaka er skylt að aðstoða eftirlit við eftirprófanir á efni og vinnu. Framleiðsla og framlagning sýnishorna og aðstoð við eftirprófanir skal vera verkkaupa að kostnaðarlausu.

Nánari ákvæði um þessi atriði er að finna í verklýsingum.

Verktaka er skylt að láta óháðan rannsóknaraðila rannsaka kornastærð fyllingarefna og skal verktaki bera af því allan kostnað, svo og af öðrum prófunum, sem krafist er í verklýsingum.

Verktaki skal alltaf leggja fram nýjar eða nýlegar rannsóknarniðurstöður á sinn kostnað áður en notkun á efni hefst.

Ef verkkaupi fer fram á fleiri efnisprófanir, en tilskilið er í verklýsingum fyrir viðkomandi efni, greiðast þær af verkkaupa, ef efnið stenst kröfur, en af verktaka, ef efni stenst ekki kröfur.

0.8.6 Samskipti við yfirvöld

Sé þess þörf skal:

- Verktaki skal afhenda eftirlitsmanni verkkaupa afrit af öllum samskiptum hans við byggingaryfirvöld og önnur yfirvöld sem tengjast framkvæmdinni. Ekki má sækja um undanþágu frá gildandi lögum eða reglugerðum án undangengins samþykkis verkkaupa.
- Eftirlitsmaður verkkaupa skal afhenda staðfestingu á því að byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi skráð sig á verkið hjá viðkomandi byggingarfulltrúa.

0.8.7 Verklokaúttekt

Almennum kröfum um framkvæmd verklokaúttektar er lýst í grein 4.4 í ÍST 30:2012.

Verktaki skal tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa skriflega hvenær verklokaúttekt geti farið fram. Þegar það er gert eiga verktaki og eftirlitsmaður verkkaupa að vera búin að yfirfara verkið til þess að ekki þurfi að koma til annarrar úttektar. Ef boða þarf til annarrar úttektar skal verktaki greiða kostnað verkkaupa sem til fellur vegna hennar. Það getur gerst ef verkinu er verulega ábótavant. En ef það koma fram smávægilegar athugasemdir skal eftirlitsmaður verkkaupa tilkynna þeim, sem viðstaddir voru úttektina skriflega þegar þær hafa verið lagfærðar án þess að farið sé í aðra formlega úttekt.

Við verklokaúttekt yfirfara fulltrúar verkkaupa og verktaka (auk undirverktaka þar sem við á) allt verkið. Telji eftirlitsmaður verkkaupa að eitthvað sé vangert eða að úrbóta sé þörf, skal hann að lokinni úttekt án tafar afhenda verktaka orðsendingu (úrbótalista) um öll atriði sem lagfæra þarf.

Ef í verkinu eru þættir sem krefjast sérstakrar úttektar opinberra aðila, t.d. byggingarfulltrúa, Orkubús, Löggingarstofu, heilbrigðiseftirlits eða eldvarnareftirlits skulu þessir aðilar hafa verið boðaðir til sérstakra úttekta (einn eða fleiri saman) ásamt fulltrúum verktaka og verkkaupa, áður en formleg verklokaúttekt verkkaupa fer fram. Komi fram athugasemdir frá þessum fulltrúum opinberra stofnana, geta þeir sjálfir ákveðið hvort önnur úttekt að þeim sjálfum viðstöddum skuli fara fram. **Verkinu telst lokið þegar eftirtoldum atriðum hefur verið fullnægt:**

- Að verktaki hafi lokið framkvæmdum í samræmi við útboðsgögn.

Hafi framangreind atriði verið staðfest sem fullafgreidd við verklokaúttektina skal verkkaupi gefa út án tafar vottorð um verklokaúttekt, svonefnda úttektargerð, og telst hann þá hafa tekið við verkinu frá úttektardegi að telja og hefst þar með ábyrgðartími verksins. Sé hins vegar eitthvað vangert eða ekki í samræmi við lýsingar eða teikningar skal það metið af fulltrúum verkkaupa og greiðslu fyrir viðkomandi

atriði haldið eftir. Verktaki fær eðlilegan frest til þess að ljúka þeim verkum, sem talin eru ófullnægjandi við úttekt þessa, og fær þau þá greidd eftir fyrrgreindu mati, þegar staðfesting eftirlitsmanns verkkaupa er fengin fyrir að hann hafi lokið viðkomandi verki.

Um dulda galla eða annað sem kann að yfirsjást við úttekt, en verktaki er ábyrgur fyrir, gilda ákvæði greinar 4.5.6 í ÍST 30:2012.

Fyrir lok ábyrgðartímans, sem er 1 ár, mun eftirlitsaðili verkkaupa ásamt fulltrúum verktaka yfirfara allt verkið, en almennum ákvæðum um ábyrgð á verki er lýst í greinum 4.4.11 og 4.5 í ÍST 30:2012.

0.8.8 Meistaraskipti og byggingastjóri

Við stjórн byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis skal á hverjum tíma vera einn byggingastjóri sem uppfyllir hæfniskröfur í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Verktaki tekur að sér hlutverk byggingastjóra eins og því er lýst í lögum um mannvirki 160/2010 og gildandi byggingarreglugerð.

Byggingastjóri er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt verksamningi „útboðsgögnum“ við eiganda. Byggingastjóri skal gæta réttmætra hagsmuna verkkaupa gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að verkinu koma.

Iðnmeistarar sem verktaka ber að ráða til verksins skulu fallast á meistaraskipti sé þess óskað af verkkaupa.

Áritun iðnmeistara á teikningar eða umsóknareyðublöð hjá byggingarfulltrúa veita ekki réttindi til frekari starfa við framkvæmdina en þetta útboð nær til.

Allur umsjónarkostnaður verktaka vegna vinnu einstakra iðnmeistara, þar með talin vinna og umsjón við að sækja um og taka á móti heimæðum/inntökum er ekki greiddur sérstaklega heldur skal hann vera innifalinn í tilboðj/einingaverðum verktaka.

0.9 Verkmappa

Á ekki við

0.10 Teikningaskrá

Teikningaskrá fyrir verkefnið :

Teikninganúmer	Heiti teikningar	Mkv.	Útg. Nr.	Frumútgáfa dags.	Síðasta útgáfa dags.
1.01-00	Almennar skýringar		01	12.4.2021	12.4.2021
1.01-01	Afstöðumynd/Útlitsmynd 3D	1:500	01	12.4.2021	12.4.2021
1.01-02	Grunnmynd og snið	1:00	01	12.4.2021	12.4.2021
1.01-03	Grunnmynd framkvæmdasvæði	1:1000	01	12.4.2021	12.4.2021
2.01-01	Grunnmynd/Miðlunartankur	1:50	01	12.4.2021	12.4.2021
2.01-02	Stálsmíði/Stigi	1:5, 1:20	01	12.4.2021	12.4.2021
2.01-03	Stálsmíði/Gegnumtök	1:10	01	12.4.2021	12.4.2021
2.01-04	Gataplan/Gegnumtök	1:50, 1:5	01	12.4.2021	12.4.2021
2.01-05	Stálsmíði/Mannop	1:5, 1:10, 1:2	01	12.4.2021	12.4.2021
2.01-06	Burðarvirki Botnplata/sökklar	1:5	01	12.4.2021	12.4.2021
2.01-07	Burðarvirki Veggir/þakplata	1:5	01	12.4.2021	12.4.2021
2.01-08	Frárennslislagnir	1:50	01	12.4.2021	12.4.2021
2.01-09	Vatnslagnir	1:20, 1:50	01	12.4.2021	12.4.2021

0.11 Fylgiskjöl

0.11.1 Form verktryggingar

VERKTRYGGING

Undirritaður lýsir því hér með yfir að hann ábyrgist Bolungarvíkurkaupstað, sem verkkaupa, greiðslu á allt að kr. [upphæð í tölustöfum],- [upphæð í bókstöfum]

sem tryggingu fyrir því, að [nafn verktakta, kt-xxxxxx-xxxx] inni í einu og öllu af hendi samningsskyldur sínar sem verktaki við verk [nafn á verki] samkvæmt útboðsgögnum og verksamningi.

Verktrygging skal miðast við 10% af samningsfjárhæð og stendur óbreytt til verkloka en lækkar þá í 5% af samningsfjárhæð, og stendur þannig næstu tólf mánuði frá dagsetningu heimildar verkkaupa til lækkunar tryggingarinnar. Óheimilt er að lækka verktryggingu nema til komi skrifleg heimild þar að lútandi til tryggingafélags eða banka frá verkkaupa, og skal slík heimild gefin út innan 10 daga frá því að lokaúttekt fór fram á verkinu. Enda hafi verkkaupi tekið við verkinu, staðfest ábyrgðarúttekt skriflega og verktaki bætt úr göllum á verkinu sem í ljós eru komnir og hann ber ábyrgð á.

Skilmálar ofangreindrar tryggingar skulu þannig orðaðir, að verkkaupi geti innleyst hana án undangengins dómsúskurðar og greiðsla geti farið fram innan 14 daga frá því hennar er krafist. Að öðru leyti skal orðalag tryggingar háð samþykki verkkaupa, sbr. eyðublað fyrir verktryggingu.

Óheimilt er að lækka eða fella þessa verktryggingu niður nema að fenginni skriflegri heimild þar um í fullu umboði verkkaupa. Gildir það jafnt þó að tólf mánuðir séu liðnir frá lokaúttektardegi.

Verkkaupi getur krafið undirritaðan um greiðslu tryggingarfjárvins að einhverju eða öllu leyti, einhliða og án undangengins dóms, ef hún telur það nauðsynlegt til að bæta galla, sem fram hafa komið á verki verktaka, eða til greiðslu á hvers konar kostnaði, sem hann hefur orðið fyrir vegna vanefnda verktaka á ákvæðum verksamningsins og skal greiðslan fara fram innan 14 daga frá því hennar er krafist.

Staður, dagsetning, ár._____

[Nafn tryggingafélags eða banka]

(undirskrift og stimpill banka eða tryggingafélags)

Vottar:

(nafn og kennitala)

(nafn og kennitala)

0.12 Gögn afhent bjóðanda

- Útboðslýsing þessi sem inniheldur tilboðsblað, safnblað og tilboðsskrá , skjal „Vatnstankur_Hlíðardal_útboðslýsing“, dagsett þann 12. apríl 2021
- Verklýsing, skjal „Vatnstankur_Hlíðardal_verklýsing“, dagsett þann 12. apríl 2021
- Tilboðsskrá, skjal „Vatnstankur_Hlíðardal_tilboðsskrá“, dagsett þann 12. apríl 2021
- Teikningaskrá og útboðsteikningar (pdf)

0.13 Yfirlýsing

Bjóðandi mun tryggja að allir starfsmenn sem koma munu að verkinu, hvort sem er sem starfsmenn bjóðanda eða undirverktaka, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Hvenær sem er á samningstíma mun bjóðandi geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Bjóðandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni verksins fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan 5 daga frá því ósk um slíkt er borin fram af verkkaupa getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara eða ákveðið að beita dagsektum sem nemur 0,1% af samningsupphæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir. Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi verktryggingar.

1 Tilboðsblað

1.1 Tilboðsblað

Undirritaður gerir hér með tilboð í verkið:

Vatnsthankur Hlíðardal

Tilboðið er gert samkvæmt útboðs- og verklýsingu, dagsettum 12. apríl 2021 ásamt tilheyrandi uppdráttum.

Tilboðsupphæð, samtals með VSK: kr. _____

(Tilboðsupphæð í bókstöfum)

Eru frávik eða fyrirvarar með tilboðinu? Já ____ Nei ____ Tilvísun: _____

Fylgja með tilboðinu öll tilskilin gögn skv. gr. 0.4.2? Já ____ Nei ____ Tilvísun: _____

Staður, dags. _____ 2021

Nafn fyrirtækis

Kennitala

Heimilisfang

Sími

Póstnúmer, staður (pósthólf)

Bréfsími

Undirskrift

Netfang